

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/621
komudagur 16.1.2002

Nefndasvið Alþingis
Hildur Njarðvík, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 16. janúar 2002.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga, 127. löggjafarþing 2001–2002. Þskj. 229. mál 204.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar og lætur hér með í té eftirfarandi umsögn:

Eins og fram kom í framsöguræðu félagsmálaráðherra á Alþingi þann 6. nóvember 2001, en hins vegar ekki í athugasemdum með frumvarpinu, er málið endurflutt. Það var flutt á síðasta þingi og afgreitt úr nefnd en hlaut ekki afgreiðslu þingsins. Munu nú hafa verið gerðar á frumvarpinu lítilsháttar breytingar með hliðsjón af starfi nefndar á síðasta þingi.

Laganefnd sýnist að breytingarnar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu séu til bóta. Ekki hefur þó verið tekið tillit til athugasemda laganefndar í umsögn um frumvarpið sem lagt var fram á síðasta þingi, þskj. 999, 624. mál.

Á síðasta þingi var frumvarpið til meðferðar í þinginu um leið og frumvarp til laga um útlendinga, 344. mál, og gert var ráð fyrir sama gildistökuþingi í báðum frumvörpunum. Almennar athugasemdir eru óbreyttar í frumvarpi til laga um atvinnuréttindi útlendinga frá því sem þær voru á síðasta þingi, en þar segir m.a.: "*Endurskoðun laga um atvinnuréttindi útlendinga hefur tekið nokkurt mið af frumvarpi til laga um útlendinga. Það á m.a. við um hugtakanotkun. Leitast hefur verið við að hafa samræmi á þessu sviði eins og unnt er. Dvalarleyfi og atvinnuleyfi eru nátengd, þannig að nauðsynlegt var að taka tillit til framangreinds frumvarps.*"

Frumvarp til laga um útlendinga var sem kunnugt er ekki afgreitt frá Alþingi á síðasta þingi, en umtalsverðar athugasemdir komu þá fram við það fjölmörgum umsagnaraðilum, m.a. laganefnd. Hefur það enn ekki verið lagt fram að nýju. Laganefnd tekur undir þau sjónarmið frumvarpshöfunda að gæta þurfi vel að samræmi lagaákvæða um dvalarleyfi annars vegar og atvinnuleyfi útlendinga hins vegar, en dvalarleyfi er forsenda útgáfu atvinnuleyfis. Leggst laganefnd gegn samþykkt frumvarpsins á meðan ekki liggur fyrir nýtt frumvarp til laga um útlendinga.

Auk þess ítrekar laganefnd fyrri athugasemdir sínar við 7., 8., 11. og 15. gr. Frumvarpsins, sbr. umsögn nefndarinnar dagsett 2. maí 2001 um 624. mál. Varðandi athugasemd við 15. gr. um jafnræðisreglu stjórnarskrár er félagsmálanefnd sérstaklega bent á að meirihluti allsherjarnefndar lagði til í álitinu sínu á síðasta þingi um frumvarp til laga um útlendinga að lögfest yrði sérstakt ákvæði þar sem fram kæmi sú grundvallaryfirlýsing að

jafnræði skuli vera með útlendingum sem dveljast löglega hér á landi og íslenskum ríkisborgurum nema annað leiði af gildandi réttarreglum.

Með hliðsjón af framangreindu telur laganefnd sér ekki fært að mæla með gildistöku frumvarps til laga um atvinnuréttindi útlendinga á þessu stigi.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jakob R. Möller, hrl., formaður